

- 77** STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir sjóð Jóns Þorsteins-  
 8. okt. sonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra  
 8. október 1925. Skipulagsskráin er þannig :

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**sjóð Jóns Þorsteinssonar.**

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt arfleiðsluskrá Jóns skipstjóra Þorsteinssonar, Bildudal, er andaðist 22. júlí 1921.

### 2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er 10000.00 — tíu þúsund — krónur, dánargjöf Jóns Þorsteinssonar til Suðurfjarðahrepps í Barðastrandarsýslu, og ber að ávaxta hann á tryggum stað (verðbrjefum eða bönkum).

### 3. gr.

Næstu 50 árin skal leggja alla vextina við sjóðinn, síðan má nota  $\frac{1}{3}$  — einn þriðja — vaxta í þarfir hreppsins, en  $\frac{2}{3}$  — tveir þriðju — leggist við sjóðinn, þar til hann er orðinn 150,000.00 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur —, þá má nota alla vextina úr því í þarfir hreppsins, en höfuðstólinn, eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur, má aldrei skerða.

### 4. gr.

Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefir stjórn sjóðsins á hendi, og gjörir árlega reikningsskil sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, sem endurskoðar reikninginn og birtir. Nauðsynleg útgjöld við rekstur sjóðsins heyra undir ákvæði sýslunefndar.

### 5. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.